

Lokaverkefni til B.Ed. -prófs

Tónlist frá Portúgal

Kennsluleiðbeiningar

Geisladiskur

DVD diskur

Vitor Hugo Rodrigues Eugenio

kt. 161275-2479

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Kennaradeild, grunnskólakennarafræði

Apríl 2010

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Portúgölsku hljóðfærin	4
2. Cavaquinho ferðast um heiminn	7
3. Hljóðfæragerð	9
4. Fado þjóðlagatónlist Portúgals.....	10
5. Portúgalskur stríðsdans með pauliteiros dönsurum	14
6. Jólalög.....	17
7. Yfirlit yfir efni á geisladiski og DVD diskum	18

Inngangur

Námsefnið Tónlist frá Portúgal er hugsað sem námsefni fyrir miðstig grunnskólans. Nú lifum við á tímum þar sem margir nemendur í grunnskólanum koma frá ýmsum löndum og ferðalög Íslendinga til annarra landa eru algeng. Nemendur geta því kannast við mismunnandi tónlist frá öðrum menningarsvæðum.

Námsefnið samanstendur af kennslubók fyrir nemendur, kennsluleiðbeiningum auk geisladisks og DVD disks.

Tekið verður fyrir efni sem tengjast ólíkum hljóðfærum sem notuðu eru í portúgalskri tónlist og sagt frá því hvernig Cavaquinho hefur ferðast víða um heim. Fado þjólagatónlistin verður kynnt ásamt stríðsdansi og jólalögum.

Í upphafi kennslubókarinnar er hvatt til umræðu um það hvað nemendur vita um Portúgal. Kannski eru nemendur í bekknum sem hafa komið þangað eða þekktu einhvern þaðan.

1. Portúgölsku hljóðfærin

Að kynast hljóðærum frá öðrum löndum er áhugavert fyrir nemendur því það gefur þeim tækifæri að upplifa ný hljóð. Að kynast erlendum hljóðærum gefur þeim einnig tækifæri til að læra um nýjar tónlistarstefnur sem eru framandi fyrir suma nemendur á meðan aðrir hafa hugsanlega upplifað slíka tónlist áður ef þeir hafa dvalist erlendis.

Í þessum kafla byrja nemendur ferð sína um portúgalska tónlist með því að kynast nokkrum hefðbundnum portúgölskum hljóðærum.










Í kaflanum eru kynnt ellefu portúgölsk hljóðfæri. Þau koma úr strengja- blásturs- og ásláttarfjölskyldunni. Gott er að byrja kennsluna á því að spyrja nemendur hvort þeir þekki einhver þessara hljóðfæra. Hér getur kennarinn notað tækifærið og útskýrt af hverju mörg hljóðfæranna eru svo einföld. Flest hljóðfæranna voru nýtt af alþýðufólki eins og bændum og sjómönnum sem höfðu ekki efni á að eignast hljóðfæri sem fólk af hærri stigum gátu eignast. Því var aðeins ein leið að eignast hljóðfæri með því að smíða það sjálfur. Til þess fundu menn efnivið í náttúrunni og nánasta umhverfi.

Þegar nemendur læra um hvert hljóðfæri fyrir sig, getur kennarinn spilað af geisladiskinum tóndæmi. Þetta er liður í undirbúningi fyrir hlustunaræfingu 1. Til viðbótar getur kennari sýnt lag númer 1 á DVD disknum, Tamborileira, sem er lag með pastorilflautunni.

Í hlustunarverkefni 1 eru nemendur beðnir að hlusta á tóndæmi og eiga þau að tengja saman hljóð við mynd af hljóðfærunum.

Hlustunarverkefni 1 – verkefnablað

Hlustaðu á hljóddæmin og skrifaðu tölustaf við myndirnar hér fyrir neðan sem gefur til kynna í hvaða röð heyrir í þeim á upptökunni.

Önnur áhugaverð hljóðfæri

Í þessum kafla kynnst nemendur tveimur hljóðfærum til viðbótar sem eru Udu og Hurdy Gurdy. Markmiðið er að nemendur kynnist einnig hljóðfærum sem eru minna þekkt.

Það er mikilvægt að leggja áherslu á hversu ólík þessi hljóðfæri eru. Udu er mjög einfalt í smíðum. Þetta er lítið annað en vatnskrukka með gati efst og öðru gati í miðju. Það á uppruna sinn að rekja til Nígeríu í Afríku. Það kom til Portúgals með farandsöllumönnum. Vegna þess hversu einfalt það var í smíðum var það aðgengilegt fyrir alþýðufólk.

Hurdy Gurdy er mun flóknara hljóðfæri í smíðum. Þetta hljóðfæri var aðallega notað við hirðir Evrópu á miðöldum. Það var ekki fyrr en á 20. öldinni að hljóðfærið varð hluti af Portúgalskri þjóðlagatónlist.

Á DVD diskinum er lag 2 „Se tou pai me dera“ dæmi um lag spilað með Udu. Lag númer 3 „Fraile Cornudo“ er lag spilað með Hurdy Gurdy og Rabeca.

2. Cavaquinho ferðast um heiminn

Í kennslubókinni fær hljóðfærið Cavaquinho sérstaka athygli. Ástæðan er sú að þetta hljóðfæri er gott dæmi um hvernig portúgalskt hljóðfæri ferðaðist um heiminn og náði að skjóta rótum í örðum ríkjum.

Markmiðið með þessu er að gefa nemendum tækifæri til að skilja hvernig hljóðfæri, tónlist og menning hafa farið á milli landa og að engin lönd eru ónæg fyrir áhrifum frá menningu annarra landa.

Þegar börnin læra um mismunandi lönd þar sem Cavaquinho er hluti af tónlistarhefðinni spilar kennari hlustunardæmi frá hverju landi af geisladiskinum. Kennari þarf að biðja nemendur sérstaklega að taka eftir því sem er ólíkt á milli hvers lands.

Nokkrar spurningar sem hægt er að spyrja nemendur:

- Fylgir Cavaquinho laglínunni í laginu?
- Fylgir Cavaquinho taktinum í laginu?
- Er Cavaquinho aðalhljóðfærið eða er það að spila í bakgrunni lagsins?

Í Portúgalska laginu með Cavaquinho þá er það í bakgrunni. Í laginu frá Grænhöfðaeyjum spilar Cavaquinho forspilið og svo hluti af takti lagsins. Í brasilíska laginu spilar Cavaquinho taktinn í laginu. Í laginu frá Havaí spilar Cavaquinho í bakgrunni lagsins.


Í hlustunarverkefni 2 eru nemendur beðnir að finna á landakorti hvar Portúgal, Havaí, Brasilía og Grænhöfðaeyjar eru. Í framhaldi mætti hvetja til umræðu um hvernig Portúgalar komu til þessara landa. En hvað um Ísland? Þekkja nemendur einhver hljóðfæri sem komu hingað til lands annað hvort með Íslendingum eða útlendingum. Dæmi um það gæti verið fiðla, selló, gítar og fleira.

Í spurningu 2 í hlustunarverkefninu getur kennari spilað hljóðdæmi af geisladisknum og beðið nemendur að para saman löndin og lögin.

Í þriðju spurningunni eiga nemendur að svara því hver munurinn er á því hvernig Cavaquinho er notað í portúgalskri og brasilískri tónlist með því að horfa á myndband 1 og 2 á DVD disknum. Svarið er að í Brasilíu er Cavaquinho hluti af takti lagsins ásamt ásláttar hljóðfæri en í Portúgal er það hluti af laglínunni.

Hlustunarverkefni 2 – verkefnablað

1. Á landakortinu eru nokkur lönd þar sem Cavaquinho er notað. Paraðu saman númerin við heiti landanna.



Portúgal

Brasilía

Grænhöfðæyjar

Havaí

2. Hlustaðu á fjögur tóndæmi með Cavaquinho og segðu frá hvaða landi þau koma.

1 _____

3 _____

2 _____

4 _____

3. Á DVD disknum sérðu tvö lög með Cavaquinho. Annað þeirra kemur frá Portúgal og hitt frá Brasilíu. Hver er helsti munurinn á lögnum?


3. Hljóðfæragerð

Í þessum kafla fá nemendur kennslu í að gera tvö hljóðfæri. Ófullnægjandi er að læra um hljóðfæri án þess að nemendur kynnist því aðeins hvernig hægt er á einfaldan hátt að búa til hljóðfæri. Þannig kynnast þau hvernig ólíkir hlutir gefa frá sér ólík hljóð. Þau sjá hvernig hægt er að setja hluti saman og úr verður hlutur sem þau geta tekið með sér heim. Þess vegna er hægt að líta á þennan kafla sem stuðning við námsefnið.

Hljóðfærin tvö heita Sarronca og Adufe. Erfiðleikastig þeirra er ólíkt. Sarronca er einfaldara í gerð vegna efnisins sem þarf í það. Leiðbeiningar fyrir hljóðfærin eru að finna á DVD disknum. (númer 6 og 7 á DVD diskum)


Viðbótarupplýsingar fyrir Adufe.

1. Spýturnar eru 25 cm langar, breidd 2 cm og þykkt 1cm



Mynd 1: Rammi fyrir Adufe handtrommu

2. Smá bútur af viði er límduð við hornin til þess að styðja við rammann



Mynd 2: Hornin í rammanum styrkt

3. Skinnið er 35 cm í þvermál. Hægt er að kaupa skinn í versluninni Hvítlist. Einnig er hægt að finna skinn á netinu í hinum ýmsu vefverslunum
4. Skinnið þarf að liggja í bleyti í 15 mínútur áður en það er fest á rammann
5. Í staðinn fyrir bjöllu er hægt að nota 5 til 10 litla steina sem eru lausir inn í trommunni
6. Passið vel að skinnið sé vel strekkt áður en það þornar

4. Fado þjóðlagatónlist Portúgals

Í þessum kafla læra nemendur um Portúgalska þjóðlagatónlistina sem kallast Fado.

Markmiðið er að þeir kynnist tónlist sem er ólík því sem þau þekkja og margar ólíkar tilfinningar eru túlkaðar. Tungumálið ætti ekki að vera vandamál fyrir nemendur að skilja hvað söngvarinn er að syngja um, ef þau aðeins fá tækifæri að hlusta á lögin.

Í kennslubókinni er fado lýst sem tónlist sem er sorgleg og fjalli að hluta um að sakna einhvers. Þetta er vegna þess að mikið af þessari tónlist kemur frá sjómönnum sem voru lengi að heiman. Voru ekki margir Íslendingar sjómenn líka? Þekkjum við einhver lög sem tengjast sjómennsku hér á landi?

Á DVD disknum eru tvö lög sem eru flutt af söngvurunum tveimur sem minnst er á í kennslubókinni. Í laginu með Alfredo Marceneiro (lag númer 8 á DVD disknum) fá nemendur tækifæri á að sjá hvernig fado var sungið í litlu veitingahúsunum í Lissabon. Í laginu með Amalia Rodrigues (lag númer 9 á DVD disknum), fá nemendur tækifæri að sjá samskonar tónlistartegund sem varð svo heimsfræg að stóra tónlistarhöll þurfti til að hægt væri að flytja tónlistina.

Í verkefni 1 í hlustunarverkefni 3 eru nemendur beðnir að hlusta á lagið „O timpanas“ og ímynda sér um hvað það fjallar. Í þessu lagi segir frá hesti sem dregur vagna á götum Lissabon. Ef þeir hlusta vel eftir taktinum í laginu ættu nemendur að geta heyrt í stökki hestsins. Er hann kannski frekar að brokka? Hefur hesturinn einhverjar skreytingar? Í laginu lýsir söngvarinn hestinum sem fallegum með skreytingum. Allir líta á hann með aðdáun. Söngvarinn lýsir hestinum með mannlegum tilfinningum og segir að hesturinn brokki með stolti og svolítið góður með sig.

Í verkefni 2 í hlustunarverkefni 3 eru nemendur beðnir að hlusta á tvö lög og taka svo afstöðu hvort lögin séu að túlka gleði eða sorg.

Lag númer 15 „Barco Negro“ segir frá sorglegri sögu konu sem bíður eftir því að maður hennar snúi til baka frá sjónum. Hún stendur á ströndinni og reynir að sjá bátinn í þokunni. Þótt hún vilji trúá því að maður hennar sé á lífi þá eru eldri konur sem koma til hennar og segja henni að maður hennar komi ekki til baka, að hann sé látinn.

Lag númer 16 „Fado do 31“ segir frá því hvernig fólk skemmti sér í gamla daga í Lissabon. Í laginu er minnst á stað eins og gamla kaffihúsið Brasileira, sem er frægur staður í Lissabon. Í laginu er líka sagt frá þekktum aðilum.

Í 3. verkefni verkefnablaðsins eiga nemendur að hlusta á þrjú lög (lög 17, 18 og 19). Þau fá vísbendingar um hvað löginn fjalla og eiga svo sjálf að hlusta eftir lykilordum í textanum og para löginn við vísbendingarnar saman. Kennari ákveður í hvaða röð löginn eru spiluð.

Hlustunarverkefni 3 – verkefnablað

Verkefni 1

14. O Timpanas

Hlustaðu vel á fado lagið og reyndu að ímynda þér um hvað þetta lag fjallar.

Verkefni 2

15. Barco Negro

16. Fado do 31

Þessi tvö lög sýna vel hvernig fado tónlist getur kallað fram ólíkar tilfinningar. Dragðu hring utan um það sem þér finnst að passi við hvort lag fyrir sig.

Barco Negro	Gleði / Sorg
Fado do 31	Gleði / Sorg

Verkefni 3

🎵 17. Ó careca

🎵 18. Os putos

🎵 19. Moda das tranças Pretas

Í þessari æfingu munt þú hlusta á þrjú lög sem segja ólíkar sögur. Þótt þú skiljir ekki Portúgölsku getur þú kannski sagt til um hvaða sögu þau segja ef þú færð réttar vísbendingar.

Vísbending 1

Í þessu lagi segir söngvarinn okkur sögu af sköllóttum manni sem keypti sér hárkollu. Fólkið á götunni gerði grín að honum af því að hann leit ekki vel út með hárkolluna. Í þessu lagi heyrirðu orðið **careca** sem þýðir sköllóttur.

Vísbending 2

Í þessu lagi segir söngvarinn okkur sögu af börnum sem leika sér í götunni hans. Hann segir okkur að þau spili fótbolta, leiki sér með glerkúlur. Í þessu lagi heyrirðu orðið **putos** sem þýðir börn.

Vísbending 3

Í þessu lagi heyrirðu sögu af blómasölustúlku í Lissabon. Stúlkan hafði fallett svart hár sem var sett í tagl. Aðrar stúlkur sem sáu hana ákváðu að safna hári til þess að geta verið með fallett svart hár í tagli eins og hún. Í þessu lagi heyrirðu portúgalska orðið **tranças pretas** (borið fram transas) sem þýðir svart tagl.

5. Portúgalskur stríðsdans með pauliteiros dönsurum

Í þessum kafla kynnast nemendur portúgólskum stríðsdansi með dönsurum sem kallast pauliteiros.

Markmið með þessum kafla er að nemendur kynnist og upplifi framandi dans og tónlist.

Góð leið til að byrja er að segja frá hvernig líf hermanna var áður fyrr. Hvernig þeir börðust áður fyrr með sverðum og allt stríð var háð í návígi. Stríðsdansinn hafði þann tilgang að undirbúa hermennina með allar þær hreyfingar sem þeir þurftu í orrustum. Í dansinum nota þeir viðarprik svo þeir slasist ekki í dansinum.

Hljóðfærin sem eru notuð eru sekkjarpípa, bassatromma og stríðstromma. Sekkjarpípan er oftast tengd við Skotland, en í raun finnst hún í flestum Evrópuríkjum, í Norður-Afríku og jafnvel í nokkrum löndum Asíu. Í raun er ekki vitað hvaðan hún kemur upprunalega.

Eftir þessa kynningu getur kennari ákveðið að sýna myndband af Portúgólskum pauliteiros (stríðsdansarar) sem er á DVD disknum (lag númer 11 á DVD disknum) og lokið þannig umfjöllun um þennan kafla.

Kennari getur einnig valið að nýta sér kennslumyndband (leiðbeiningar númer 10 á DVD disknum) til að kenna börnunum dansinn. Ef kennari velur þessa leið er betra að sýna ekki myndbandið af dönsurunum fyrr en eftir að börnin hafa sjálf lært dansinn. Ástæðan er sú að nemendum gæti fundist að dansinn væri of erfiður að læra. Nemendur gætu líka fengið neikvæða ímynd af dönsurum vegna þess hvernig þeir eru klæddir. Á þessu stigi myndu nemendur sjá sig sjálf sem dansarana. Reynslan sýnir að þau sýna dönsurunum betri viðbrögð ef þau sjá myndbandið eftir að þau hafa lært dansinn.

Prikin er hægt að búa til úr kústsköftum eða trjágreinum úr náttúrunni. Lengdin á að vera 40 cm.

Lagið sem notað er í þennan dans heitir „Campanicas“. Nótturnar eru hér á næstu blaðsíðu í kennsluleiðbeiningunum. Laglínuna er hægt að spila á píanó eða blokkflautu. Takturinn er sleginn með trommum ef þær eru til. Einnig getur kennarinn nýtt sér lög 20 og 21 á geisladisknum. Lögin tvö eru þau sömu en spiluð á mismunandi hraða. Lag 20 er hægara og hentar því betur á meðan nemendur æfa dansinn. Lag 21 er hraðara og hentar betur þegar þau hafa lært dansinn.

Campanicas

Musical notation for measures 1-6. The piece is in 4/4 time. The melody is written on a single treble clef staff. The accompaniment consists of two bass clef staves: the upper one plays a simple harmonic accompaniment with quarter notes and rests, and the lower one plays a steady eighth-note accompaniment.

Musical notation for measures 7-11. The melody continues with eighth-note patterns. The accompaniment remains consistent with the previous system.

Musical notation for measures 12-16. The melody features a half note followed by eighth notes. The accompaniment continues with the same rhythmic pattern.

Musical notation for measures 17-21. The melody continues with eighth-note patterns. The accompaniment remains consistent with the previous system.

Musical notation for measures 22-26. The melody continues with eighth-note patterns. The accompaniment remains consistent with the previous system.

27

Musical score for measures 27-31. The score consists of two staves: a treble clef staff and a grand staff (left and right hand). The treble staff contains a melodic line with eighth and sixteenth notes, including some beamed pairs and a dotted quarter note. The grand staff contains a rhythmic accompaniment with a steady eighth-note pattern in the right hand and a simpler eighth-note pattern in the left hand. The piece concludes with a double bar line.

32

Musical score for measures 32-36. The score consists of two staves: a treble clef staff and a grand staff (left and right hand). The treble staff continues the melodic line from the previous system, ending with a double bar line. The grand staff continues the rhythmic accompaniment, also ending with a double bar line.

6. Jólalög

Í þessum kafla er farið í það sem er líkt og ólíkt með jólahaldi á Íslandi og Portúgal. Kennari getur hafið umræður um hvernig þessi lönd eru með ólík trúarbrögð en halda samt bæði upp á sömu hátíðirnar. Þekkja nemendur til kaþólsku kirkjunnar? En Lútersku kirkjunnar? Ef í báðum trúarbrögðin er kennt að trúa á Guð af hverju eru þau ólík? Hver er helsti munurinn á trúarbrögðunum?

Í Portúgal byggist jólatónlistin að mestu upp á kaþólskri trú. Helsta umfjöllunarefni textanna eru um Maríu mey, Jesúbarnið og vitringana þrjá. Kennari getur spurt nemendum hvernig þeim finnst löggin. Finnst þeim löggin vera glöð eins og á Íslandi? Eða eru löggin alvarleg?

Í kennslubókinni eru tvö jólalög sem hafa verið mjög vinsæl í áraraðir. Kennarinn getur kennt laglínuna og í framhaldi prófað að kenna textann.

7. Yfirlit yfir efni á geisladiski og DVD disk

Geisladiskur

1. Portúgalskur gítar (hlustunarverkefni 1)
2. Cavaquinho (hlustunarverkefni 1)
3. Adufe (hlustunarverkefni 1)
4. Castanholas (hlustunarverkefni 1)
5. Pastoril flauta (smala flauta) (hlustunarverkefni 1)
6. Gaita de foles (hlustunarverkefni 1)
7. Ocarina (hlustunarverkefni 1)
8. Sarronca (hlustunarverkefni 1)
9. Rabeca (hlustunarverkefni 1)
10. Cavaquinho frá Portúgal (hlustunarverkefni 2 – verkefni 2)
11. Cavaquinho frá Grænhöfðaejum (hlustunarverkefni 2 – verkefni 2)
12. Cavaquinho frá Brasilú (hlustunarverkefni 2 – verkefni 2)
13. Cavaquinho frá Havái (hlustunarverkefni 2 – verkefni 2)
14. O timpanas (hlustunarverkefni 3 – verkefni 1)
15. Barco Negro (hlustunarverkefni 3 – verkefni 2)
16. Fado do 31 (hlustunarverkefni 3 – verkefni 2)
17. Ó careca (hlustunarverkefni 3 – verkefni 3)
18. Os putos (hlustunarverkefni 3 – verkefni 3)
19. Moda das tranças Pretas (hlustunarverkefni 3 – verkefni 3)
20. Campanicas hæg útgáfa fyrir stríðsdanskenslu
21. Campanicas hröð útgáfa fyrir stríðsdanskenslu

DVD diskur

1. Tamborileira, kynning á pastoril flautunni (hlustunarverkefni 1)
2. Se tou pai me dera, kynning á hljóðfærinu Udu
3. Fraile Cornudo, kynning á hljóðfærinu Hurdy Gurdy og Rabeca
4. Cavaquinho frá Portúgal (hlustunarverkefni 2 – verkefni 3)
5. Cavaquinho frá Brasilú (hlustunarverkefni 2 – verkefni 3)
6. Sarronca leiðbeiningar (hljóðfæragerð)
7. Adufe leiðbeiningar (hljóðfæragerð)
8. Fado lag: Alfredo Marceneiro
9. Fado lag: Amália Rodrigues
10. Kennslumyndband í stríðsdansi
11. Campanicas, myndband með stríðsdansi